

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skadlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutadeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar þessa árs skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1986.

Menntamálaráðuneytið, 4. febrúar 1986.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Pórunn J. Hafstein.

30. janúar 1986

Nr. 68

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds af farsímum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll, sérstakt tímabundið vörugjald og sölugjald af farsímum (bílsímum).

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. tekur til símans sjálfs með tónvalsbúnaði, sleða (cassette) fyrir símann, samtalssíu (duplexfilter), loftnets, talfæris og sérstaks hátalara, enda sé búnaður þessi fluttur í einu lagi til landsins, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tollfirtlit.

Skilyrðis niðurlags 2. mgr. skal einnig gætt við úttekt úr tollvörugæmslu eftir því sem við á. Niðurfelling gjalda skal þó ná fram að ganga, þó að sendingu eða úttekt úr tollvörugæmslu vanti loftnet og/eða sérstakan hátalara.

2. gr.

Það skilyrði er ennfremur sett að búnaðurinn hafi verið samþykktur af Póst- og símamálastofnun til notkunar í bílsímaþjónustu stofnunarinnar og þar með hinu almenna símakerfi.